



Háskólinn
á Akureyri
University
of Akureyri

Úttekt á skólaþjónustu Grindavíkurbæjar

Skýrsla unnin fyrir
fræðslunefnd Grindavíkurbæjar

Rúnar Sigþórsson, Jórunn Elíadóttir
og Trausti Þorsteinsson

ásamt rannsóknarhópi við Háskólann á Akureyri um
skólaþjónustu sveitarfélaga við leik- og grunnskóla

Úttekt á skólaþjónustu Grindavíkurbæjar

Skýrsla unnin fyrir fræðslunefnd Grindavíkurbæjar

Rúnar Sigþórsson, Jórunn Elíóttir
og Trausti Þorsteinsson

ásamt rannsóknarhópi við Háskólann á Akureyri
um skólaþjónustu sveitarfélaga við leik- og grunnskóla

Júní 2020

Samantekt

- Skólaþjónusta Grindavíkur er hluti af félagsþjónustu- og fræðsluviði bæjarins. Á undanförunum árum hafa bæði þessi þjónustukerfi styrkst og samlegðaráhrif koma báðum þjónustukerfum til góða.
- Verkaskipting milli þjónustukerfanna, sem og samhæfing þeirra, er skýr í hugum þeirra sem starfa á skólaþjónustunni en þetta er ekki að öllu leyti jafn skýrt í hugum þeirra sem starfa í skólunum.
- Verkaskipting milli sviðsstjóra og yfirsálfræðings skólaþjónustunnar hefur gefist vel.
- Verkefni félagsþjónustu- og fræðsluviðs hafa engu að síður aukist og í máli sumra viðmælenda gætir efasemda um að það anni þeim að óbreyttu.
- Skólastefna sveitarfélagsins er metnaðarfull. Þar er þó ekki vísað til þess að skólaþjónusta hafi hlutverki að gegna við framkvæmd stefnunnar.
- Fyrir liggur vinnuskjal með framkvæmdaráætlun fræðslunefndar 2019–2022 sem fylgiskjal með skólastefnunni. Það er þó ekki sýnilegt á vef bæjarins.
- Fræðslunefnd Grindavíkurbæjar fær einstaklega góða dóma í viðtölum sem virkt forystuafli í skólamálum bæjarins.
- Starfsáætlun skólaþjónustunnar liggur fyrir, svo og þróunaráætlanir skóla.
- Kynningarefni um þjónustu skólaskrifstofunnar endurspeglar nokkuð vel ákvæði laga um leikskóla og grunnskóla og reglugerðar um skólaþjónustu sveitarfélaga við leik- og grunnskóla og nemendaverndarráð í grunnskólum. Þar eru þó ekki lýst skýrum aðgerðum til að ná markmiðum.
- Í hugum flestra viðmælenda stendur skólaþjónustan fyrst og fremst fyrir skimanir, einstaklingsþjónustu við börn í formi greininga, og forvarnarstarf fyrir foreldra í formi námskeiða. Skólaþjónustan annar vel framangreindu hlutverki og tiltölulega lítil bið er eftir greiningum.
- Aukin eftirspurn er eftir greiningum, bæði frá skólum og foreldrum. Óljóst er af hverju hún stafar.
- Ánægja er með þann þátt í starfsemi þjónustunnar sem snýr að stuðningi við börn og foreldra og starfsfólk skólaþjónustunnar fær góða umsögn hjá skólastjórnendum leikskóla og starfsfólki skólanna.
- Tvennum sögum fer af gagnsemi skilafunda og teymisvinnu í kjölfar greininga og sammæli skortir um hver beri ábyrgð á þeim aðgerðum sem þar er lagt upp með. Kennarar (einkum í grunnskólanum) virðast veigra sér við að taka ábyrgð á þeim, telja sig sitja eina uppi með ábyrgð sem þeir eigi ekki að bera og kalla eftir aukinni þátttöku ráðgjafa skólaþjónustunnar.
- Teymisvinna virðist ganga betur í leikskólunum en í grunnskólanum en starfsfólk leikskólanna kallar þó eftir meiri þjónustu beint inn á deildir til að geta fengið hagnýt ráð án þess að þurfa að fara í langt ferli gegnum tilvísanir og leyfi frá foreldrum.
- Ekki er hægt að sjá af gögnum að fram fari formlegt mat á vinnu í kjölfar greininga og skimana eða árangri hennar.
- Hugmyndir eru fremur óljósar um hlutverk og möguleika þjónustunnar á sviði almennrar ráðgjafar við kennara, stuðnings við þróunarstarf og starfsþróun.

- Einhvers konar trúnaðarrestur virðist vera milli skólaþjónustunnar annars vegar og stjórnenda grunnskólans hins vegar og ágreiningur er milli þessara aðila um ýmis mál.
- Grindavíkurbær gerir vel við skóla sína hvað varðar fjárveitingar til starfsþróunar og af hálfu skólaþjónustunnar er litið svo á að með því sé skólastjórnendum veitt frelsi – og um leið lögð á þá ábyrgð – til að skipuleggja þennan þátt í starfi skóla milliliðalaust. Þetta gerir kröfu til skólanna um markvissar starfsþróunaráætlanir og ekki er hægt að líta fram hjá því að skólaþjónustan hafi ýmiss konar hlutverki að gegna hvað þennan málaflokk varðar.
- Sammæli skortir milli þeirra aðila sem hlut eiga að máli varðandi starfsþróun og almennan stuðning við þróunarstarf skóla. Grunnskólakennarar telja að skólarnir í bænum séu einhvers konar eyland, frumkvæði skólaþjónustunnar skorti að þróunarstarfi skólanna, og samstarf skorti við nágrannasveitarfélögin, til dæmis um námskeiðahald og samráðsfundi.
- Aðgengi skóla og starfsmanna þeirra að skólaþjónustunni er almennt gott og samstarf um meginviðfangsefni þjónustunnar gott þegar á heildina er litið.
- Aðgengi að upplýsingum á vef Grindavíkurbæjar er takmarkað og erfitt að finna þær upplýsingar sem fyrir liggja. Einnig vantar upplýsingar á öðrum tungumálum en íslensku.

Efnisyfirlit

Samantekt	2
Efnisyfirlit	4
1. Inngangur	5
2. Skipulag, stefna og forysta sveitarfélagsins um skólaþjónustu	7
2.1 Ytra skipulag og samstarf þjónustukerfa	7
2.2 Stefna og forysta sveitarfélagsins um skólaþjónustu	9
2.3 Styrkleikar og tækifæri til þróunar	10
3. Þjónustustefna skólaþjónustu	11
3.1 Styrkleikar og tækifæri til þróunar	13
4. Starfshættir skólaþjónustu	14
4.1 Greiningar og stuðningur við nemendur og foreldra	14
4.1.1 Skimanir, greiningar og eftirfylgd þeirra	14
4.1.2 Námskeið fyrir foreldra og starfsmenn skóla	17
4.2 Stuðningur við kennara og starfsemi skóla	18
4.2.1 Starfsþróun kennara	19
4.2.2 Stuðningur við stjórnendur	21
4.2.3 Skólaþróun og stuðningur við lærdómssamfélög	22
4.3 Aðgengi og sýnileiki skólaþjónustunnar	24
4.3.1 Aðgengi að upplýsingum á vef Grindavíkurbæjar	25
4.4 Styrkleikar og tækifæri til þróunar	25
5. Lokaorð	27

1. Inngangur

Skýrsla sú sem hér liggur fyrir um úttekt og mat á skólaþjónustu Grindavíkurbæjar er unnin samkvæmt samningi við Grindavíkurbæ fyrir fræðslunefnd bæjarins. Markmið verkefnisins er, eins og segir í 2. grein samningsins, „að meta hvort skólaþjónustan veiti þjónustu í samræmi við lög og reglugerðir og skólastefnu Grindavíkur ... [og] skal lagt mat á núverandi fyrirkomulag um skólaþjónustu og tengsl hennar við aðra þjónustubætti í sveitarfélaginu. Matið skal byggt á fyrirliggjandi gögnum og viðtölum við einstaklinga og hópa tengda skólum sveitarfélagsins.“

Rannsóknarhópur við Háskólanum á Akureyri um skólaþjónustu sveitarfélaga við leik- og grunnskóla tók verkið að sér og því stýrðu Rúnar Sigbórsson prófessor og Jórunn Elíadóttir dósent og eru þau aðalhöfundar skýrslunnar ásamt Trausta Þorsteinssyni dósent. Aðrir í rannsóknarhópnum eru: Birna María Svanbjörnsdóttir lektor, Hermína Gunnþórsdóttir prófessor og Sigríður Margrét Sigurðardóttir lektor. Rannsóknarhópurinn taldi að með því að tengja verkefnið við rannsókn hópsins á skólaþjónustu sveitarfélaga gæti tvennt unnist: Ýmislegt úr rannsóknarvinnunni gæti gagnast við úttektina og gögn sem yrðu til við hana gætu nýst hópnum sem viðbótargögn í rannsókninni.

Til grundvallar úttektinni og þeim matsspurningum sem hún er byggð á liggja opinber viðmið um starfshætti skólaþjónustu sem finna má í lögum um leikskóla,¹ lögum um grunnskóla² og reglugerð um skólaþjónustu sveitarfélaga við leik- og grunnskóla og nemendaverndarráð í grunnskólum³ (hér eftir er vísað í texta til laga um leikskóla, laga um grunnskóla og reglugerðar um skólaþjónustu án formlegra tilvísana neðanmáls). Úttektin byggist enn fremur á fræðilegri greiningu rannsóknarhópsins á hlutverki og starfsháttum skólaþjónustu þar sem hlutverk hennar er meðal annars sett í samhengi við ákvæði íslenskrar skólastefnu um skóla fyrir alla, eðli ráðgjafar og lærdómssamfélög sem leið til þess að efla innviði skóla sem faglegra stofnana sem geta tekist á við þróunarstarf.⁴ Í fræðilegri greiningu og umfjöllun sinni um niðurstöður rannsóknarinnar hefur rannsóknarhópurinn enn fremur lagt áherslu á að í skólaþjónustu þurfi að hverfa frá lækisfræðilegri sýn á erfiðleika nemenda, þar sem orsakanna er fyrst og fremst leitað með því að greina og meðhöndla „vanda“ nemandans sjálfs með atbeina sérfræðinga; þess í stað þurfi að beina sjónum að félagslegu sjónarhorni þar sem gengið er út frá því að orsakanna fyrir því að nemendur mæta erfiðleikum í skólagöngu sinni eigi að leita með því að setja erfiðleikana í samhengi við umhverfi nemandans – námstengt og félagslegt.⁵ Af síðara sjónarhorninu leiðir meðal annars að leggja áherslu á skólatengda ráðgjöf⁶ sem byggist á sameiginlegri lausnaleit ráðgjafa og kennara eða annarra starfsmanna skóla á jafnréttisgrundvelli en þó þannig að skólinn beri jafnan ábyrgð á ferlinu og að til verði þekking innan skólans sem nýtist sem starfsþróun og eflir um leið faglegt samfélag skólans.

¹ Lög um leikskóla nr. 90/2008

² Lög um grunnskóla nr. 91/2008

³ Reglugerð um skólaþjónustu sveitarfélaga við leik- og grunnskóla og nemendaverndarráð í grunnskólum nr. 444/2019.

⁴ Birna Svanbjörnsdóttir, Edda Óskarsdóttir, Hermína Gunnþórsdóttir, Laufey Petrea Magnúsdóttir, Rúnar Sigbórsson og Trausti Þorsteinsson. (2019). Menntun fyrir alla – horft fram á veginn: Skýrsla unnin fyrir mennta- og menningarmálaráðuneyti. Sótt af https://www.stjornarradid.is/library/01--Frettatengt---myndir-og-skrar/MRN/MFA_horft%20fram%20a%20veginn_starfshops_vefur.pdf

⁵ Sigrún Harðardóttir. (2016). Líðan framhaldsskólanemenda: um námserfiðleika, áhrifaþætti og ábyrgð samfélags. Reykjavík: Rannsóknarstofnun í barna- og fjölskylduvernd.

⁶ Gutkin, T. B. og Curtis, M. J. (1990). School-based consultation: Theory, techniques, and research. Í T. B. Gutkin og C. R. Reynolds (ritstjórar), *The handbook of school psychology* (2. útgáfa, bls. 577–611). Oxford: John Wiley & Sons.

Þær niðurstöður sem hér eru kynntar eru byggðar á tvenns konar gögnum: Annars vegar fyrir-
liggjandi gögnum frá sveitarfélaginu og skólaþjónustunni, sem flest mátti finna á vef Grinda-
víkurbæjar, og hins vegar á tíu viðtölum sem tekin voru við starfsfólk skólaþjónustunnar,
skólastjóra allra skólanna í Grindavík og tvo rýnihópa kennara, annan úr grunnskólanum og hinn
úr báðum leikskólunum sameiginlega. Fyrirliggjandi gögnin voru að mestu leyti greind áður en
viðtölin voru tekin og var stuðst við þá greiningu við gerð viðtalsramma, sem var að mestu leyti
sá sami fyrir alla viðmælendur. Viðtölin voru skrifuð upp orðrétt eftir upptökum og efni þeirra
flokkað í samræmi við matsspurningar sem settar höfðu verið fram áður en verkið hófst. Gerð er
grein fyrir matsspurningunum í upphafi hvers aðalkafla.

Í skýrslunni er samantekt á helstu niðurstöðum og því næst inngangur. Þar á eftir er kafli um hvern
af eftirfarandi lykilþáttum matsáætlunarinnar: Skipulag, stefnu og forystu sveitarfélagsins um
skólaþjónustuna, þjónustustefnu skólaþjónustunnar og starfhætti skólaþjónustunnar. Hverjum
þessara þriggja kafla lýkur með samantekt á sterkum þáttum og tækifærum til úrbóta. Að endingu
eru lokaorð.

2. Skipulag, stefna og forysta sveitarfélagsins um skólaþjónustu

Hér er leitað svara við matsspurningum um: 1) ytra skipulag skólaþjónustunnar og samstarf hennar við önnur þjónustukerfi (félagsþjónustu og heilbrigðisþjónustu) og hversu vel hagsmunaaðilar telja að þetta skipulag nýtist til að þjónustan standi undir lögbundnu hlutverki sínu, 2) stefnu sveitarfélagsins um málefni skólaþjónustunnar og mat hagsmunaaðila á forystu sveitarfélagsins um mótun þjónustunnar og málefni skólanna í sveitarfélaginu.

2.1 Ytra skipulag og samstarf þjónustukerfa

Samkvæmt skipuriti Grindavíkurbæjar er skólaþjónusta bæjarins hluti af félagsþjónustu- og fræðsluviði en sviðinu er skipt í fræðsluþjónustu og félagsþjónustu. Undir fræðsluþjónustu fellur skólaþjónusta, sérfræðiþjónusta við nemendur, tónlistarskóli, leikskólar og grunnskóli. Undir félagsþjónustu falla hefðbundin verkefni slíkrar þjónustu og það sem helst snýr að skólum er barnavernd enda ber hana alloft á góma í viðtölum. Einnig hafa félagsráðgjafar sem starfa að öðru leyti hjá félagsþjónustunni umsjón með PMTO-námskeiðum og PMTO-ráðgjöf⁷ í skólunum og sjá einnig um ráðgjöf til forelda og vinna að forvörnum en margt af þessu er í samvinnu við sálfræðing skólaþjónustunnar.

Í samtali við forstöðumann sviðsins rifjar hann upp þróun skólaþjónustunnar frá 2006 – en þá var gerð úttekt á skóla- og félagsþjónustu bæjarins – og rekur síðan að mjög margt hafi áunnist við að styrkja bæði þessi þjónustukerfi. Undir það var tekið í flestum viðtölum í skólum að skólaþjónustan hafi eflst til muna síðustu árin.

Samkvæmt starfsáætlun skólaþjónustu Grindavíkurbæjar 2019–2020 sinna þrír starfsmenn í 2,6 stöðugildum í skólaþjónustunni, auk sviðsstjóra. Að auki er sálfræðingur í verktöku með óreglulega viðveru. Fastir starfsmenn sem merktir eru skólaþjónustunni sérstaklega eru yfirsálfræðingur í 100% starfi, leikskólaráðgjafi í 100% starfi og talmeinafræðingur í 60% starfi. Fram kemur í viðtölum við starfsmenn að verkaskipting er milli sviðsstjóra og yfirsálfræðings þannig að sá síðarnefndi hefur umsjón með starfsemi skólaþjónustunnar en aðkoma sviðsstjórans að málefnum skóla lýtur fyrst og fremst að rekstrarlegum þáttum og ráðgjöf við skólastjórana, til dæmis varðandi mannauðsmál; að öðru leyti ver hann meira af vinnutíma sínum á sviði félagsþjónustunnar. Í mögnum viðtölum í skólunum kom fram að þetta er talið hafa verið framfaraskref og þjónustunni til framdráttar enda telja nokkrir viðmælenda að verkefni félagsþjónustu- og fræðsluviðsins hafi aukist að því marki að efast megi um að sviðið anni þeim að óbreyttu. Enginn leggur þó til að sviðinu sé skipt upp.

Þeir starfsmenn skólaþjónustunnar sem rætt var við telja allir að það fyrirkomulag að félags- og skólaþjónusta sé innan sama sviðs sé farsælt og virki vel og að samlegðaráhrif séu til góða fyrir bæði þjónustukerfin. Þeir telja að skilin milli félagsþjónustunnar og skólaþjónustunnar og hlutverk og ábyrgð starfsmanna séu skýr enda þótt starfsmenn beggja þjónustukerfanna starfi saman þegar málefni kalla á það (sjá að framan) og upplýsingar fari milli kerfanna eftir því sem við á. Í kynningarbæklingi frá skólaþjónustunni á vef Grindavíkurbæjar⁸ segir jafnframt að samstarf og teymisvinna sé milli skóla- og félagsþjónustu/barnaverndar þegar við á og samþykki liggur fyrir um slíkt.

⁷ Barnaverndarstofa. (e.d.). PMTO-foreldrafærni. Sótt af <https://pmto.is/wordpress/pmto-2/pmto/>

⁸ Kynningarbæklingur skólaskrifstofu Grindavíkurbæjar á pdf-sniði. (e.d.). Sótt af http://www.grindavik.is/gogn/2016/skolaskrifstofa/Skolaskrifstofa_Grindavikurbajar_-_Baklingur.pdf

Í skólunum eru viðmælendur almennt jákvæðir gagnvart þessu fyrirkomulagi en þó ekki eins afgerandi og starfsmenn skólaþjónustunnar. Í hugum sumra þeirra, að minnsta kosti, eru hlutverk og samhæfing þjónustukerfanna ekki eins skýr og fram kemur í viðtölunum við starfsfólk skólaþjónustunnar; sérstaklega er nefnd skörun í barnaverndarmálum þar sem viðmælendur úr skólunum virðast ekki alltaf átta sig á hlutverki aðila og þeim er ekki alltaf ljóst hvorum megin ábyrgð á framangreindum PMTO-námskeiðum og PMTO-ráðgjöf liggur.

Viðmælendur frá skólaþjónustunni telja sig ná nokkuð vel utan um starfsemina og hefur þar mikið að segja að starfshlutfall leikskólafulltrúa og talmeinafræðings hefur verið aukið. Sviðsstjóri félagsþjónustu- og fræðsluviðsins telur að verkefnum skólaþjónustunnar sé sinnt eftir bestu getu miðað við stærð einingarinnar en bendir jafnframt á að ekki sé raunhæft að ætla að skólaþjónusta í 3500 manna sveitarfélagi nái að manna alla sérfræðiráðgjöf og þess vegna sé þjónustan einkum miðuð við greiningar og kennsluráðgjöf í framhaldi af þeim og vinnu talmeinafræðings. Um leið bendir hann á að ef upp komi þörf fyrir ráðgjöf sem skólaþjónustan getur ekki veitt sé ekki hikað við að kaupa hana að.

Athygli vekja þau ummæli eins af starfsmönnum skólaþjónustunnar að svo virðist að eftir því sem þau nái að veita meiri þjónustu, af því tagi sem að framan greinir, því meiri verði kröfurnar um greiningar. Almennt séð virðist þróunin hafa verið á þann veg að tími til að sinna ráðgjöf vegna þróunarverkefna og ráðgjöf, m.a. vegna námsumhverfis nemenda, sé takmarkaður; kennsluráðgjöf til kennara sé ekki mikil og talið að þess þurfi jafnvel ekki þar sem kennarar séu sterkir fagmenn. Ráðgjöf sérfræðinga er almennt í framhaldi af skimunum og greiningum og virðist vera sérkennslumiðuð, þannig að hún beinist að einstökum nemendum og vanda þeirra fremur en námsumhverfi og kennsluháttum.

Talmeinafræðingurinn telur sig hafa svigrúm til að veita góða þjónustu og talþjálfun og komast yfir meira en að vera einungis greiningaraðili. Fram kom að þörf væri á að auka svigrúm til að veita fræðslu til kennara en sá þáttur verður oft of lítill í starfinu vegna greininga og talþjálfunar barna.

Í mörgum viðtölum var lýst ánægju með að hafa talmeinafræðing á staðnum og að samstarf innan skólaþjónustunnar væri mjög gott og skilvirkt. Hið sama er að segja um samvinnu milli skólaþjónustunnar og félagsþjónustunnar, sem er að mati viðmælenda hnökralaus og snýr að barnaverndarmálum, PMTO-námskeiðum og ráðgjöf, og annarri samvinnu þegar á þarf að halda. Lítil bið er eftir greiningum og tilvísunum hvers vetrar lokið fyrir lok skólaársins og hefur góður árangur náðst í þá átt að geta lokið greiningum á skólaárinu.

Einnig er verið að vinna í því að skólahjúkrunarfræðingurinn tengist grunnskólanum meira en nú er en fram kom að sú þjónusta væri ekki nægilega skilvirk. Nokkur núníngur hefur verið um þessa þjónustu, einkum varðandi aðstöðu skólahjúkrunarfræðings innan grunnskólans. Einnig hafa verið skiptar skoðanir um lyfjagjafir til barna á skólatíma. Í reglum um lyfjagjafir til barna í skólum Grindavíkurbæjar, sem fræðslunefnd bæjarins samþykkti 6. desember 2018,⁹ kemur fram að hvorki skólahjúkrunarfræðingur né starfsfólk skóla geti borið ábyrgð á lyfjagjöf til barna á skólatíma, nema í bráðatilvikum. Sjónarhóll¹⁰ hefur aftur á móti beitt sér fyrir því að lyf séu gefin

⁹ Grunnskóli Grindavíkur. (13. desember 2018). Reglur um lyfjagjafir barna í skólum Grindavíkurbæjar. (6. desember 2018). Sótt af <http://www.grindavik.is/skolinn/22080>

¹⁰ Sjónarhóll er miðstöð þjónustu og faglegrar ráðgjafar fyrir aðstandendur barna sem eiga við langvarandi veikindi og fötlun að stríða. Sjá nánar vef samtakanna: <http://www.serstokborn.is/sjonarholl-ses>

börnum á skólatíma en úrslitum réði að bæjarráð Grindavíkur samþykkti á fundi sínum 19. febrúar 2020 að bæta því við framangreindar reglur um lyfjagjöf í skólum bæjarins að starfsfólk skuli tryggja eftir mætti lyfjagjafir á skólatíma ef mælt er fyrir um það í læknisvottorði að hún sé nauðsynleg fyrir velferð og líðan barnsins.¹¹ Eftir stendur þó að ekki hefur tekist að ná viðunandi samkomulagi við heilsugæsluna um framkvæmd lyfjagjafar á skólatíma.

2.2 Stefna og forysta sveitarfélagsins um skólaþjónustu

Skólastefna Grindavíkurbæjar¹² er skýr að mati flestra viðmælenda og verkefni skólaþjónustunnar einnig. Grunnþættir stefnunnar eru: nemandinn, mannauður, samvinna og samstarf, aðbúnaður, tæki og húsnæði, og líðan og velferð. Þessir grunnþættir eru síðan útlistaðir í stefnunni með almennum markmiðum og upptalningu á áherslum næstu ára.

Í skólastefnunni er ekki vísað beint til skólaþjónustu eða hlutverks hennar við að stuðla að því að unnið sé samkvæmt grunnþáttunum að öðru leyti en því að sagt er að nemendur og starfsfólk skuli hafa greiðan aðgang að stoðþjónustu og unnið skuli að því að mæta einstaklingsbundnum þörfum nemenda. Í inngangi að stefnunni (bls. 2) segir að fræðslunefnd hafi unnið framkvæmdar-áætlun út frá stefnunni eftir umsagnarferli og sé hún fylgiskjal hennar. Fyrir liggur áætlun fræðslunefndar sem nær yfir árin 2019–2022 þar sem lýst er aðgerðum og ábyrgð á þeim skilgreind, ásamt viðmiðum um gæði/árangur. Skjalið hefur verið lagt fram á fundi nefndarinnar með áheyrnarfulltrúm en er ekki aðgengilegt á vef sveitarfélagsins. Fræðslunefndin mun koma saman í lok hvers skólaárs og meta stöðu verkefna. Í áætluninni kemur þó ekki fram hvernig eða með hvaða gögnum árangurinn verður metinn.

Ekki er vísað beint til lagaákvæða um skóla án aðgreiningar í skólastefnunni en þó sagt að starfsaðferðir og kennsluhættir skuli taka mið af þroska og þörfum nemenda. Þá er lögð áhersla á að styrkja faglega forystu og samvinnu stjórnenda skóla sveitarfélagsins og að skólar vinni samkvæmt hugmyndum um lærdómssamfélög.

Allir sem rætt var við voru meðvitaðir um nýlega uppfærslu á skólastefnunni og töldu að hún væri vel kynnt. Vinnan við mótun stefnunnar var kynnt bæjarbúum og þeim gefinn kostur á að segja sitt álit en viðmælendur í rýnihópi töldu að engar efnislegar ábendingar hefðu komið fram sem vörðuðu innra starf skólanna og töldu það vekja spurningar um áhuga bæjarsamfélagsins í heild á skólamálum.

Fræðslunefnd Grindavíkur fær einstaklega góða dóma í viðtölum, bæði við starfsfólk skólaþjónustunnar og í skólunum; hún er sögð hafa tekið hlutverk sitt föstum tókum og vera virkt forystuafl í skólamálum bæjarins. Bæði sviðsstjóri félagsþjónustu- og fræðslusviðs og skólastjórar leikskólanna lýstu ánægju með tillögur fræðslunefndarinnar um að efla starfsumhverfi leikskólanna. Þær eru í 10 liðum og lúta meðal annars að launamálum (greiðslu fastrar yfirvinnu og greiðslu svonefndra TV-eininga vegna tímabundins álags), breytingu á barngildum, afleysingarhlutfalli, undirbúningstíma og stuðningi við menntun leikskólakennara. Framkvæði að tillögunum kom frá skólastjórnendum og leikskólafulltrúa skólaþjónustunnar og þær voru lagðar fram af fræðslunefndinni en útfærslan og skipulag breytinganna er í höndum sviðsstjóra félagsþjónustu- og fræðslusviðs. Tillögurnar voru teknar fyrir á fundi bæjarráðs 19. maí 2020.¹³ Þar voru

¹¹ Grindavíkurbær. (19. febrúar 2020). Bæjarráð Grindavíkur, fundur 1540. Sótt af <http://www.grindavik.is/v/23576>

¹² Grindavíkurbær. (2019). *Skólastefna Grindavíkur 2019–2023*. Sótt af http://www.grindavik.is/gogn/2020/sk%C3%B3lastefna_2.pdf

¹³ Grindavíkurbær. (20. maí 2020). Bæjarráð Grindavíkur, fundur 1548. Sótt af <http://www.grindavik.is/v/23930>

samþykktir þeir liðir sem varða launamál leikskólakennara og leikskólaliða (frá upphafi næsta skólaárs) og hækkun barngilda í flestum árgöngum. Síðastnefnda breytingin fækkar börnum í umsjá hvers starfsmanns og fjölgar þar með stöðugildum í leikskólunum í hlutfalli við fjölda barna. Lokun leikskóla frá Þorláksmessu til 2. janúar, gegn eftirgjöf á gjaldi, var samþykkt sem valkvæð lokun. Aðrir liðir hlutu ekki brautargengi að sinni.

2.3 Styrkleikar og tækifæri til þróunar

Styrkleikar

- Skólaþjónustan býr að vel menntuðu starfsfólki með víðtæka reynslu af skólastarfi, bæði sem kennarar og ráðgjafar.
- Samlegðaráhrif skóla- og félagsþjónustunnar koma til góða fyrir bæði þjónustukerfin.
- Skólastefna Grindavíkurbæjar er metnaðarfull og allir meðvitaðir um nýlega uppfærslu á henni.
- Fyrir liggur vinnuskjal með áætlun fræðslunefndar um framkvæmd skólastefnunnar árin 2019–2022 þar sem lýst er aðgerðum og ábyrgð á þeim skilgreind, ásamt viðmiðum um gæði/árangur.
- Jákvætt viðhorf ríkir til fræðslunefndar Grindavíkur frá starfsfólki skólaþjónustunnar og skólunum og hún er talin virkt forystuafli í skólamálum sveitarfélagsins.

Tækifæri til þróunar

- Halda þarf áfram að þróa og samhæfa samstarf félagsþjónustu, skólaþjónustu og heilsugæslu og skýra starfsvettvang og ábyrgð hvers sviðs fyrir sig.
- Verkefni félagsþjónustu- og fræðslusviðs hafa aukist og efasemdir eru meðal viðmælenda um að sviðið annað þeim að óbreyttu. Fylgjast þarf vel með áhrifum þessa á skólaþjónustuna og starfseminna í heild.
- Við næstu endurskoðun skólastefnunnar ætti að vísa á skýrari hátt en nú er gert til skólaþjónustu og hlutverks hennar við að styrkja skóla bæjarins sem faglegar stofnanir og lærdómssamfélög.
- Vinnuskjal með framkvæmdaráætlun fræðslunefndar 2019–2022 ætti að endurspeglar skýrar hvernig viðleitni allra þeirra stofnana sem hlut eiga að máli til að framfylgja stefnunni er samhæfð og hvernig árangur af því er metinn. Skjalið ætti að vera sýnilegt á vef bæjarins sem fylgiskjal með skólastefnunni.

3. Þjónustustefna skólalþjónustu

Hér er leitað svara við matsspurningum um hvernig skólalþjónustan skilgreinir sjálf hlutverk sitt og starfsemi og hvernig þjónustustefna hennar og skipulag (t.d. samsetning starfsmannahópsins og starfslýsingar) endurspeglar lögbundin viðfangsefni.

Í kynningarbæklingi frá skólalþjónustunni,¹⁴ sem birtur er á vef Grindavíkurbæjar, eru talin upp eftirfarandi meginverkefni hennar:

- Sálfræðiþjónusta
- Talmeinaþjónusta
- Leikskólaráðgjöf
- Sérkennsluráðgjöf
- Kennsluráðgjöf
- Stuðningur við þróun og nýbreytni
- Fræðsla og námskeið

Hver liður er útfærður í nokkrum undirliðum.

Segja má að bæklingurinn endurspeglar nokkuð vel ákvæði laga um grunnskóla (40. grein), laga um leikskóla (21. og 22. grein) og reglugerðar um skólalþjónustu um viðfangsefni þjónustunnar (II. og III. kafla). Hins vegar eru hvorki nefnd í bæklingnum lykilateinir í skólalþjónustu sveitarfélagsins um að skólarnir skuli starfa í anda lærdómssamfélaga, né heldur grundvallaratriði íslenskrar skólalþjónustu, svo sem um skóla án aðgreiningar. Þar er ekki vísað beint til skólalþjónustunnar yfirleitt eða til þess að það sé hlutverk skólalþjónustunnar að stuðla að framkvæmd hennar. Samkvæmt bæklingnum virðast fræðsla og námskeið einkum miðast við PMTO.

Annað skjal sem einnig er aðgengilegt á vef Grindavíkurbæjar er *Leiðbeiningar um gerð tilvísana*.¹⁵ Í inngangi skjalsins er vísað í greinar í lögum um leikskóla og grunnskóla og reglugerð um börn sem þurfa sérstaka aðstoð og þjálfun að mati viðurkenndra greiningaraðila. Þar segir að greiningum sé fylgt eftir með skilafundum þar sem greiningaraðili kynnir niðurstöður og gerir áætlun um úrræði, í samráði við skóla og heimili, og fylgir henni eftir í skólum. Skjalið fjallar því fyrst og fremst um tilvísanir vegna þessara barna og afgreiðslu þeirra. Aðrar ástæður fyrir tilvísunum eru ekki nefndar. Umfjöllunin gengur fyrst og fremst út frá því að tilvísanir séu til komnar vegna „vanda“ barna og tilgangur þeirra sé greining á honum. Skjalið nær því vel yfir þann hluta ákvæða um skólalþjónustu sem fjalla um stuðning við nemendur í leik- og grunnskólum. Hins vegar nær skjalið að litlu leyti til stuðnings við starfsfólk og ráðgjöf vegna starfshátta skóla, þróunarstarfs og námsumhverfis. Í skjalinu er lítið fjallað um hvað getur falist í áætlunum um eftirfylgd í kjölfar greininga og ráðgjöf til kennara í tengslum við þær eða hvernig hægt er að setja „vanda“ barna í samhengi við námsumhverfi þeirra.

Þriðja skjalið sem er lýsandi um stefnu þjónustunnar er *Starfsáætlun skólalþjónustu 2019–2020*. Þetta skjal er þó ekki birt á vef bæjarins og ekki var oft vísað til þess í viðtölum, sem aftur vekur spurningar um hversu sýnilegt það er.

Í starfsáætluninni er, eins og í kynningarbæklingnum og leiðbeiningum um gerð tilvísana, haldið til haga ákvæðum laga um leik- og grunnskóla og reglugerðar um skólalþjónustu um stuðning við nemendur, starfsmenn og starf skóla en þar er hvorki vísað til meginatriða skólalþjónustunnar né

¹⁴ Kynningarbæklingur skólaskrifstofu Grindavíkurbæjar á pdf-sniði. (e.d.). Sótt af <http://www.grindavik.is/skolaskrifstofa>

¹⁵ Leiðbeiningar um gerð tilvísana. (e.d.). Sótt af <http://www.grindavik.is/v/81>

Íslenskrar menntastefnu. Í áætluninni er einnig lögð mikil áhersla á námskeið og ráðgjöf fyrir foreldra, og menntun í PMTO fyrir starfsfólk skóla.

Í starfsáætluninni er einnig lögð áhersla á að vinna með stoðþjónustu skólanna að verklagi við tilvísanir, koma skipulagi á skimanir og eftirfylgd í kjölfar þeirra og vinnu með þjónustuteyllum að úrræðum í kjölfar greininga.

Sem verkefni á sviði stuðnings við starfsfólk skóla er nefnd fræðsla til starfsmanna í samræmi við óskir stjórnenda. Þetta er þó ekki sett í samhengi við starfsþróunaráætlanir skóla enda þótt ætla megi að gert sé ráð fyrir að óskir stjórnenda séu byggðar á þeim. Einnig er nefndur markviss stuðningur við stjórnendur, samráðsfundir með skólastjórnendum, að styðja við nýbreytni og þróun og að nýta mat til umbóta. Námskeið um faglega forystu fyrir stjórnendur, sem fjallað er um síðar, þótt það sé að frumkvæði fræðsluráðs, fellur vel að markmiði starfsáætlunarinnar um markvissan stuðning fyrir stjórnendur sem stutt getur við nýbreytni og þróun, auk þess sem fram kom í viðtölum að sviðsstjórinn sinnir tilfallandi ráðgjöf við þá varðandi rekstur og starfsmannamál. Loks má nefna markmið um eflingu læsis og markvissari vinnu með fjölmenningu og stefnumótun skólamála. Flest þessara markmiða eru fremur almennt orðuð, leiðir að þeim eru lítið útfærðar og ábyrgð á verkefnum er ekki tilgreind.

Af viðtölum má ráða að vinna sálfræðings og leikskólafulltrúa sé að mestu helguð málefnum nemenda, skimunum og greiningum og eftirfylgd þeirra, auk þess sem leikskólafulltrúinn sér einnig um málefni dagforeldra. Sálfræðingurinn hefur einnig séð um mörg af þeim námskeiðum sem nefnd eru og snúa að stuðningi við börn og foreldra (sjá þó það sem fyrr segir um þátttöku starfsmanna félagsþjónustunnar í þeim).

Í starfsáætluninni og í samtölum við starfsfólk skólaþjónustunnar kemur enn fremur fram að ytra mat sveitarfélagsins felist í að leggja fyrir Skólapúlsinn,¹⁶ rýna í gögn frá leikskólum og grunnskóla, meta starfsáætlanir og skýrslur um innra mat og fylgja eftir áætlun fræðslunefndar um ytra mat og úrbótaáætlunum í kjölfarið. Þrátt fyrir þetta er ekki að öllu leyti ljóst hvernig skólaþjónustan hyggst uppfylla ýmis markmið sem lúta að stuðningi við nýbreytni og þróun, starfa með stjórnendum að stefnumótun, nýta mat til umbóta, efla læsi og vinna markvissar með fjölmenningu og kennslu tvítyngdra barna.

Fram kom hjá starfsfólki skólaþjónustunnar að útfærsla skólafélagunnar í starfsáætlun þjónustunnar sé í sífelltri mótun, með áherslu á hvernig er unnið og hvað er gert, hvernig skimanir fara fram og hvað gert er í framhaldi af þeim sem og hvernig samstarfi við skólana er háttað.

Á hverju hausti heldur skólaþjónustan kynningar í skólum bæði fyrir kennara og foreldra um skipulag þjónustunnar. Einnig er starfsfólk skólaþjónustunnar í virku sambandi við stoðþjónustu skólanna, sérkennslustjóra leikskólanna og deildarstjóra sérkennslu í grunnskólanum. Á þessum kynningum eru veittar upplýsingar um breyttar áherslur, ef þær eru til staðar, sem og þá þjónustu sem er í boði bæði er varðar nemendur og starfsfólk. Þessar kynningar hafa mælst vel fyrir í skólunum, sérstaklega ef lítið er til almennra kennara, en þeir þurfa líka að vera upplýstir um starf skólaþjónustunnar. Slík kynning leiðir til þess að þeir sem ekki eru í beinum samskiptum við skólaþjónustuna fá innsýn í starfshætti og starfssvið hennar.

Þessar kynningar eru þó fremur helgaðar stuðningi skólaþjónustunnar við börn og foreldra – í samræmi við þá áherslu sem lýst hefur verið hér að framan – en stuðningi við kennara og skóla,

¹⁶ Skólapúlsinn. (e.d.). Sótt af <https://skolapulsinn.is/um/>

til dæmis almennri kennsluráðgjöf, fræðslu, starfsþróun og þróun lærdómssamfélaga, en eftir þessu var nokkuð kallað í rýnihópum kennara.

3.1 Styrkleikar og tækifæri til þróunar

Styrkleikar

- Kynningarbæklingur skólaþjónustunnar og starfsáætlun skólaþjónustunnar endurspeglar vel lög og reglugerðir um skóla og skólaþjónustu.
- Í kynningarefni skólaþjónustunnar er lögð áhersla á viðfangsefni hennar á sviði stuðnings við nemendur í leik- og grunnskólum og foreldra þeirra. Einnig eru markmið um stuðning við starfsemi skóla og starfsfólk þeirra.
- Námskeið um faglega forystu fyrir stjórnendur fellur vel að markmiði starfsáætlunarinnar um markvissan stuðning fyrir stjórnendur sem stutt getur við nýbreytni og þróun.
- Skólaþjónustan kynnir starf sitt vel í skólunum á hverju hausti og veitir þannig starfsfólki skóla og foreldrum innsýn í starfsemina.

Tækifæri til þróunar

- Kynningarbæklingur skólaþjónustunnar og starfsáætlun hennar gæti endurspeglað á skýrari hátt markmið skólastefnu sveitarfélagsins um starf í anda lærdómssamfélaga og grundvallaratriði íslenskrar skólastefnu, svo sem um skóla án aðgreiningar.
- Í starfsáætlun skólaþjónustunnar er tækifæri til að setja óskir skólastjóra um fræðslu til starfsmanna í samhengi við starfsþróunaráætlanir skóla.
- Skilgreina mætti betur viðfangsefni og ábyrgð skólaþjónustunnar að því er varðar stuðning við nýbreytni og þróun, svo sem starf með stjórnendum að stefnumótun, nýtingu mats til umbóta, eflingu læsis, menntun fyrir alla og markvissa vinnu með fjölmenningu og nám tvítýngdra barna. Leiðir að markmiðum um þetta mætti útfæra betur og tilgreina ábyrgð á verkefnum.
- Í starfsáætlun skólaþjónustunnar er tilefni til að orða markmið á skýrari hátt og útfæra nánar leiðir að þeim og mat á árangri.
- Í skjalinu *Leiðbeiningar um gerð tilvísana* væri tækifæri til að fjalla á skýrari hátt um hvernig eftirfylgd í kjölfar greininga á sér stað og skilgreina ábyrgð á henni og hvernig hægt er að setja „vanda“ barna í samhengi við námsumhverfi þeirra.

4. Starfshættir skólaþjónustu

Í þessum kafla er leitað svara við eftirfarandi spurningum:

- 1) Hver er áherslan í starfinu á greiningar, ráðgjöf og úrræði tengd málefnum einstakra nemenda. Hvernig er greiningum á erfiðleikum einstakra nemenda fylgt eftir með ráðgjöf til nemenda, kennara og foreldra?
- 2) Hvert er frumkvæði þjónustunnar og áhersla í starfinu á stuðning við einstaka kennara, kennarahópa, starfspróun og stuðning við þróunarstarf?
- 3) Að hvaða marki er frumkvæði þjónustunnar að ráðgjöf og þróunarstarfi tengt brýnum og mikilvægum viðfangsefnum í menntakerfinu, svo sem menntun fyrir alla og vísbendingum frá niðurstöðum PISA og samræmdra prófa?
- 4) Hver er sýnileiki skólaþjónustunnar og hvernig er aðgengi að henni?

4.1 Greiningar og stuðningur við nemendur og foreldra

Almenn ánægja er með starfshætti skólaþjónustunnar að því er varðar greiningar og stuðning við nemendur og foreldra og starfsfólk hennar er í góðu samstarfi við stjórnendur og stoðþjónustu skólanna sjálfra. Viðmælendur gefa henni jákvæða umsögn fyrir lipurð við að takast á við ólík málefni innan skólanna þar sem leitað er margra leiða til að leysa öll mál. Fremur lítil bið er eftir greiningum sem óskað er eftir og tilvísanir eru undantekningarlaust afgreiddar innan þess skólaárs sem þær berast.

4.1.1 Skimanir, greiningar og eftirfylgd þeirra

Eins og fram kemur í 2. kafla skýrslunnar leggur skólaþjónustan skýra áherslu á stuðning við nemendur í leikskólum og grunnskólum og foreldra þeirra. Í svo að segja öllum viðtölum kom fram að greiningar og eftirfylgd í kjölfar þeirra vegi þyngst í verkefnum skólaþjónustunnar og taki mestan tíma. Ásókn í greiningar er mjög mikil og fer vaxandi, bæði frá skólunum og foreldrum eða þeim sameiginlega. Einkum fjölgar beiðnum frá foreldrum, til dæmis vegna kvíða og vanlíðanar barna, sem þeir virðast vantroysta sér til að takast á við hjálparlaust; einnig beiðnum um uppeldisráðgjöf vegna samskipta og hegðunar barna. Uppspretta beiðna um greiningar virðist óþrjótandi og starfsfólk skólaþjónustunnar telur jafnvel að því fleiri greiningar sem þeir komast yfir þeim mun meiri verði eftirspurnin.

Þegar grunur vaknar um að eitthvað sé að þroska hjá barni á leikskólaaldri er óskað eftir athugun á barninu með samþykki foreldra. Áður en málinu er vísað formlega til skólaþjónustunnar þarf að uppfylla viss skilyrði, m.a. að hafa gert forkönnun þar sem gerðar eru vídeó-upptökur af barninu við leik og athafnir í leikskólanum sem sérfræðingar skólaskrifstofunnar skoða og meta. Í viðtali við kennara leikskólans kom fram að þeir söknuðu þess að geta fengið ráðgjafa til að meta stöðu barna inni á deild, án þess að hafa slíkar upptökur sem millilið sem þeir töldu oft ekki gefa nægilega skýra mynd af barninu. Þessa leið verður þó að skoða út frá eðlilegri viðleitni skólaþjónustunnar til að létta á starfsmönnum sínum og stytta biðtíma eftir greiningum. Einnig kom fram í viðtölum við kennara í skólunum að þeir telja að þrátt fyrir fasta viðveru ráðgjafa skólaþjónustunnar mættu þeir vera sýnilegri í innra starfi skólanna, til dæmis með meiri viðveru í deildum/bekkjum til að kynnast nemendum og starfsháttum betur og vera kennurum til ráðgjafar enda þótt ekki væri um undanfara tilvísana að ræða. Leikskólakennararnir töldu þó að þetta væri ekki hægt nema með leyfi foreldra, sem skapaði ákveðna hindrun.

Ferli tilvísana og greininga gengur almennt hratt að mati leikskólastarfsmanna og þeir fá iðulega greið svör og telja mjög góða hjálp að fá frá skólaþjónustunni. Ferlið stoppar frekar ef senda þarf upplýsingar áfram til þriðja stigs greiningaraðila svo sem Greiningar- og ráðgjafarstöðvar ríkisins. Bið eftir niðurstöðu Greiningarstöðvarinnar er þó ekki látin koma í veg fyrir að strax sé farið að vinna í málefnum barnsins með aðstoð skólaþjónustunnar, sett upp einstaklingsnámskrá og barninu veittur stuðningur. Alltaf er reynt að koma á snemmtækri íhlutun þegar grunur vaknar um að eitthvað sé að hjá barni. Bið eftir niðurstöðu Greiningarstöðvarinnar getur verið slík að hún komi jafnvel ekki fyrir en barnið er komið í grunnskóla.

Mikið af tíma leikskólafulltrúa skólaþjónustunnar fer einnig í að sinna skimunum, bæði í leikskólum og grunnskólanum, til dæmis lestrarskimun með LOGOS og stærðfræðiskimunum með Talnalykli. LOGOS er einnig greiningarpróf fyrir einstaklinga vegna gruns um leshömlun, sem leikskólafulltrúi sinnir einnig. Í kjölfar þessara skimana þarf oft að skipuleggja íhlutun til að bregðast við niðurstöðum en einnig aðstoðar skólaþjónustan við eftirfylgd skráningalista sem leikskólakennarar leggja sjálfir fyrir, til dæmis HLJÓM-2, íslenska þroskalistann og skráningarlistann TRAS fyrir máltöku barna. Eftirfylgd og ráðgjöf í framhaldi af skimunum virðist mest í samstarfi við sérkennarana og sérkennslustjóra á leikskólunum, og í grunnskólanum er samstarf við deildarstjórann og svo sérkennarana.

Leikskólafulltrúinn hefur fasta viðveru í leikskólunum einu sinni í mánuði og í viðtölum í leikskólunum kom fram að á fundum með honum væri „[farið yfir] sérkennslubörnin sérstaklega“ en einnig gæti verið um að ræða almenna ráðgjöf um starfið og leikskólafulltrúinn kæmi stundum inn á deildir til að fylgjast með starfinu þar. Samkvæmt starfsáætlun grunnskólans er sálfræðingur skólaþjónustunnar einnig með fasta viðveru á báðum starfsstöðvum skólans, einn morgun í mánuði í Hópsskóla og tvo morgna í starfsstöðinni við Ásabraut.

Vinna talmeinafræðings felst fyrst og fremst í greiningum og talþjálfun. Í leikskólunum, til dæmis, geta niðurstöður málþroskaprófsins HLJÓM-2 eða skráning á málþroska með TRAS gefið tilefni til að greina stöðu einstakra barna nánar og kallað á að brugðist sé við með talþjálfun. Að öðru leyti hvílir ábyrgð á íhlutun í kjölfar framangreindra prófa á kennurum leikskólanna en þeir geta leitað til talmeinafræðings sem ráðgjafa. Þessi þáttur vill þó sitja á hakanum og í viðtölum kom fram að þörf væri talin á að auka svigrúm talmeinafræðings til að sinna fræðslu og ráðgjöf til kennara.

Í viðtölum í leikskólunum var talið að það þurfi að móta stefnu um fjöltyngi og fjölmenningu og að samtali hafi átt sér stað við skólaskrifstofuna um hvernig hægt sé að sinna betur börnum með annað móðurmál en íslensku. Einnig var nefnt að á námskeiðinu um faglega forystu séu skólaskrifstofan og sérkennslustjórar leikskólanna að vinna verkefni sem lýtur að þessu.

Eftir að greining á barni eða vanda þess hefur átt sér stað eru haldnir skilafundir í leikskólanum með viðeigandi sérfræðingi/sérfræðingum og innanhússteymi þar sem farið er í gegnum mál barnsins og möguleg úrræði. Eftir að greining liggur fyrir heldur greiningaraðili skilafund með foreldrum, kennurum sem hlut eiga að máli (í grunnskólanum með umsjónarkennara), sérkennara og/eða deildarstjóra sérkennslu. Þar eru lagðar fram tillögur um möguleg úrræði og gerð áætlun um það sem gera skal í kjölfar greiningarinnar og þessir aðilar mynda teymi sem fylgir málinu eftir. Gert er ráð fyrir að myndað sé teymi þessara aðila sem haldi reglulega fundi til að fylgja málinu eftir og stundum situr fulltrúi skólaskrifstofunnar í þessu teymi þótt það sé ekki algilt.

Í leikskólunum starfa svonefnd lausnarteymi en það eru föst teymi með sérfræðingi frá félagsþjónustu- og fræðslusviði sem funda mánaðarlega og þar er einkum fjallað um málefni barna sem glíma við hegðunarvanda og/eða hafa fengið greiningu.

Í viðtölum við kennara grunnskólans fór nokkuð tvennum sögum af gagnsemi skilafunda og skilvirkni teymisvinnu og ráðgjafar sem tekur við eftir að greining hefur átt sér stað. Misjafnt er hver á frumkvæði að fundum teymisins. Oft er það að frumkvæði kennara að þeir eru haldnir en eðlilegt má telja að tíðni þeirra sé mismunandi eftir því hvernig ferlið gengur. Sérfræðingur frá skólaþjónustunni getur þá stundum verið kallaður til, m.a. til að fara inn í bekk og fylgjast með nemandanum í námsrými sínu. Kennarar þurfa þá sjálfir að kalla eftir því en yfirleitt er komið fljótt til móts við slíkt frá skólaþjónustunni. Í rýnihópsviðtölum við kennara báru margir þeirra ferlinu vel söguna, töldu það skilvirkt og töluðu um þetta eftirfylgd frá skólaþjónustunni. Aðrir gagnrýndu ferlið töldu að stundum stoppi það eftir greiningu; það komi tillögur um hvað best sé að gera en svo „liggi [málið] einhvern veginn laust í loftinu af hálfu skólaþjónustunnar“ og kennari taki við útfærslunni án þess að hafa forsendur til að fylgja tillögunum eftir eða hafa til þess nægar bjargar og þurfi sjálfur að biðja um aðkomu ráðgjafa skólaþjónustu. Þetta getur „kaffært“ kennarann, eins og það var orðað, og umsjónarkennara getur jafnvel verið ýtt út í eitthvað sem hann telur ekki vera á hans valdsviði þar sem honum finnst hann vera úrræðalaus þrátt fyrir ráðgjöf.

Af viðtölum við starfsmenn bæði skólaþjónustu og skóla mátti ráða að ferli beiðna vegna einstakra barna, greiningar og eftirfylgd væri einfaldari og skilvirkari í leikskólunum en í grunnskólanum.

Haustið 2019 voru í fyrsta skipti haldnir fundir í grunnskólanum í byrjun skólaársins með teyimum sem stofnuð höfðu verið um einstaka nemendur. Þeir voru að frumkvæði skólaþjónustunnar þar sem umsjónarkennarar voru boðaðir á fundi til að fara yfir málefni nemenda sem voru með greiningar eða í einhverjum vanda. Fundirnir voru skipulagðir í samráði við deildarstjóra stoðþjónustu grunnskólans, og hann sat þá einnig. Verklagið var einnig kynnt á fundum allra stiga grunnskólans. Fram kom að markmið skólaþjónustunnar með fundunum hafi verið að efla þjónustu og telja verður að með þessu hafi skólaþjónustan aukið sýnileika sinn í skólanum. Eigi að síður er ekki ljóst af gögnum hvort fundirnir voru skipulagðir í samvinnu við skólastjóra grunnskólans og hvort samtali átti sér stað við þá um skipulag þeirra og markmið og hvaða kennarar sætu þá. Hér verður ekki skorið úr um þetta en einungis ítrekað mikilvægi þess að vinna að málefnum nemenda sé byggð á samvinnu og gagnkvæmu trausti þar sem stofnanir vinna sem ein heild fremur en aðskildar einingar (sjá einnig í kafla 4.1.2).

Í þessu sambandi er nauðsynlegt að ræða ábyrgðina á því ferli sem við tekur eftir greiningu. Í máli þeirra sem gangrýndu ferlið við eftirfylgd greininga gætti tilhneigingar til að vísa þessari ábyrgð yfir á ráðgjafa skólaþjónustunnar. Hér er þó mikilvægt að hafa í huga þann greinarmun sem gerður er í inngangi þessarar skýrslu á klínískri nálgun að erfiðleikum nemenda annars vegar og skólatengdri ráðgjöf hins vegar. Samkvæmt hugmyndinni um skólatengda ráðgjöf liggur ábyrgðin ótvírætt hjá skólunum og verður ekki frá þeim tekin enda þótt mikilvægt sé að starfsfólk þeirra geti leitað til ráðgjafa. Í því felst þá að ráðgjafi og kennarar, og eftir atvikum annað starfsfólk skóla, leiti sameiginlegra lausna á jafnréttisgrundvelli enda þótt skýrt sé að ábyrgðin á ferlinu sé hjá skólanum.

Hér þarf enn fremur að hafa í huga það félagslega sjónarhorn sem einkennir stefnuna um skóla fyrir alla: Að erfiðleika nemenda, hvort sem þeir eru á sviði náms, samskipta, líðanar eða hegðunar, verði jafnan að setja í samhengi við námsaðstæður barns. Þetta sjónarhorn er gagnstætt hinu klíníska sem einkennist af því að leita orsakanna fyrst og fremst hjá barninu sjálfu með það fyrir augum að vinna bug á þeim með einhvers konar meðferð. Af viðtölunum má ráða að af hálfu skólaskrifstofunnar þurfi að auka vægi kennslufræðilegrar ráðgjafar sem er skólamiðuð

fremur en klínísk og gera hana sýnilegri þannig að kennarar geri ráð fyrir henni sem sjálfsgöðum þætti í ferlinu og hún nýtist þeim til eigin starfsþróunar.

Skólarnir í Grindavík hafa á að skipa reyndum kennurum og öflugri innri stoðþjónustu (sérkennurum, þroskaþjálfum, námsráðgjafa og skólafélagsráðgjafa) og mikilvægt verður að telja að fagleg samræða um þetta eigi sér stað milli þeirra og skólaþjónustunnar. Einnig er áriðandi að jafnan sé gengið út frá félagslega sjónarhorninu við meðferð mála og að það sé sýnilegt, jafnt í skólanámskrám skólanna sem starfsáætlunum skólaþjónustunnar.¹⁷ Í þessu sambandi má nefna að í þeim kafla skólanámskrár grunnskólans sem fjallar um stuðning við nemendur með sérþarfir er ekki hægt að sjá að gert sé ráð fyrir samstarfi skólans og skólaþjónustunnar um þetta viðfangs-efni eða á hvern hátt almennir kennarar eru studdir til að vinna með nemendum í anda „hugmyndafræði um skóla án aðgreiningar“, sem sagt er að öll kennsla í skólanum eigi að miðast við, og setja „sérþarfir“ og „vanda“ nemenda í samhengi við námsumhverfi þeirra.

Loks er eðlilegt að spyrja hvernig mat er lagt á árangur þess viðamikla þáttar í starfi skólaþjónustunnar sem fjallað er um í þessum kafla. Þegar um er að ræða formlega íhlutun getur slíkt mat verið fyrir hendi en almennt lítur skólaþjónustan svo á að það sé skólanna að meta árangur og stöðu barna í framhaldi af greiningu. Af viðtölum má þó ráða að slíkt mat sé fyrst og fremst huglægt en ekki formlegt eða byggt á einhvers konar viðmiðum um árangur, hvort sem er af hálfu skólaþjónustunnar eða skólanna. Hér verður þó að spyrja hvort sammæli um þetta sé milli skólaþjónustunnar og skólanna því í rýnihópsviðtali töldu kennarar að oft vanti einhvern loka-punkt til að geta lokið málum eða upplifað að það sé haldið utan um það af öðrum en bara um-sjónarkennurum. Í mörgum tilvikum gangi ferlið vel og sé árangursríkt en í öðrum tilvikum „upplifir maður að maður fái bara hlutina í fangið aftur“.

4.1.2 Námskeið fyrir foreldra og starfsmenn skóla

Samkvæmt starfsáætlun skólaþjónustunnar (2019–2020) er eitt af markmiðum hennar að auka forvarnir með fræðslu og námskeiðum fyrir foreldra og starfsmenn og í 2. kafla áætlunarinnar eru talin upp helstu námskeið sem boðið er upp á. Hins vegar hefur verið dræm þátttaka í námskeiðum undanfarna vetur og hún virðist fara minnkandi. Auk þess kemur fram í viðtölum að starfsfólk félagsþjónustu- og fræðsluviðsins fari á foreldrafundi með kynningar og fræðslu. Þau námskeið sem langoftast ber á góma í viðtölum varða innleiðingu og notkun á PMTO, bæði í gegnum fræðslu og ráðgjöf í leik- og grunnskólum. PMTO-ráðgjafar frá félagsþjónustunni hafa umsjón með þessu ásamt sálfræðingi skólaþjónustunnar. Þau halda námskeið bæði fyrir foreldra og kennara skólanna og skólaþjónustan leggur mikla áherslu á þennan þátt. Sú staðreynd að grunnskólinn og annar leikskólinn hafa uppeldisstefnuna *Uppeldi til ábyrgðar*¹⁸ (oft nefnd *Uppbyggingarstefnan* í daglegu tali) flækir hins vegar málið nokkuð. Af hálfu skólaþjónustunnar er PMTO á engan hátt stefnt gegn Uppbyggingarstefnunni, heldur hugsuð sem viðbót við hana til að nesta foreldra og kennara með verkfærum til að takast á við erfið mál einstakra barna. Þessari áherslu hefur verið vel tekið í leikskólunum; verkfæri PMTO eru talin gagnleg viðbót við fjölbreytni í starfsháttum skólanna og þau hafa einnig verið notuð til að fást við erfið starfsmannamál. Hins vegar kom fram í mörgum viðtölum að ágreiningur hefur verið um innleiðingu PMTO í grunnskólanum og er hann þekktur meðal kennara og stjórnenda allra skólanna. Ágreiningurinn virðist ekki síst vera um innleiðinguna sjálfa og hvernig að henni hefur verið staðið; af hálfu grunnskólans

¹⁷ Grunnskóli Grindavíkur. (apríl 2015). Skólanámskrá, almennur hluti: Stuðningur við nemendur með sérþarfir. Sótt af http://www.grindavik.is/gogn/skolinn/skolanamskra/studningur_vid_nemendur_med_sertharfir.pdf

¹⁸ Uppbygging sjálfsgaga: Uppeldi til ábyrgðar (e.d.). Sótt af <https://uppbygging.is/>

er talið að hún sé hvorki að ósk né frumkvæði skólans og gætt hefur tregðu til að kennarar sækji PMTO-námskeið. Stefnan er engu að síður nýtt að vissu marki í grunnskólanum því foreldrar barna sem sækja hegðunarver sem starfrækt er í skólanum eru, af hálfu skólans, hvattir til að sækja PMTO-námskeiðin. Hér má aftur ítreka mikilvægi þess að þessar stofnanir gangi í takt í þjónustu sinni við nemendur og foreldra.

4.2 Stuðningur við kennara og starfsemi skóla

Samkvæmt lögum um grunn- og leikskóla og reglugerð um skólaþjónustu skal annar meginþáttur í skólaþjónustu vera stuðningur við starfsemi skóla og starfsfólk þeirra. Þessi stuðningur getur verið með ýmsu móti. Í kafla 4.1. er fjallað um þann stuðning sem felst í ráðgjöf við kennara í framhaldi af greiningum sem unnar eru samkvæmt tilvísunum frá skólunum og/eða foreldrum barna. Í þeirri umfjöllun er meðal annars lögð áhersla á að sá stuðningur einkennist af skóla-miðaðri ráðgjöf (sjá nánar í inngangi) þar sem leitast er við að setja vandkvæði barna í samhengi við aðstæður sem skólinn hefur á valdi sínu að laga að þörfum þeirra. Í þessum kafla verða ekki höfð fleiri orð um þetta en sjónum beint að því sem kalla mætti almenna kennsluráðgjöf og stuðning við skóla sem uppfyllir það markmið 2. gr. reglugerðar um skólaþjónustu að „efla skóla sem faglegar stofnanir sem geti leyst flest þau viðfangsefni sem upp koma í skólastarfi og veita starfsfólki skóla leiðbeiningar og aðstoð við störf sín eftir því sem við á“.

Í máli sumra viðmælenda kom fram að starfsemi skólaþjónustunnar hafi eflst mikið síðustu árin (sjá kafla 2.1). Hluti af því er að starfsfólki skóla er gefið svigrúm til að koma með tillögur þess efnis sem almennt eru skoðaðar með jákvæðum og opnum huga og unnið með þær ef tók eru á slíku. Einnig er reynt er að koma til móts við starfsfólk skóla ef og þegar það gerir athugasemdir við eitthvað. Þrátt fyrir þetta virðist þessi þáttur skólaþjónustunnar ekki hafa sama vægi og sá hluti starfseminnar sem fjallað er um í kafla 4.1.

Hér er þó nauðsynlegt að halda því til haga að vægi þessa þáttar – eins og annarra þátta í starfsemi skólaþjónustu – ræðst ekki einhliða af ákvörðunum skólaþjónustunnar eða þeirra bæjaryfirvalda sem hún starfar fyrir enda þótt frumkvæði og forysta þessara aðila og innra skipulag þjónustunnar skipti miklu máli. Vægið ræðst ekki síður af frumkvæði og forystu innan skólanna sjálfra, ákvörðunum sem þar eru teknar og eftirspurn eftir stuðningi við þróun starfshátta, en í viðtölum við starfsfólk skólaþjónustunnar kom fram að það taldi ekki mikið kallað eftir stuðningi við skólana á þessu sviði.

Í kafla 4.1 er minnst á núning – sem sumir viðmælendur ganga svo langt að kalla gjá – milli stjórnenda grunnskólans og skólaþjónustunnar og má ítreka hér mikilvægi þess að þessar stofnanir gangi í takt. Í þessu sambandi má enn fremur nefna að í kafla skólanámskrár grunnskólans um umbóta- og þróunarstarf,¹⁹ sem meðal annars inniheldur þróunaráætlun fyrir 2016–2019, og í símenntunaráætlun skólans²⁰ er ekki minnst á samstarf við skólaþjónustuna, þrátt fyrir ýmis metnaðarfull skóla- og starfsþróunarverkefni sem nefnd eru í þessum köflum.

¹⁹ Grunnskóli Grindavíkur. (nóvember 2017). Skólanámskrá, almennur hluti: Umbóta og þróunarstarf. Sótt af http://www.grindavik.is/gogn/skolinn/skolanamskra/umbota_og_throunaraetlun.pdf

²⁰ Grunnskóli Grindavíkur. (júni 2019). Starfsáætlun 2019–2021: Símenntunaráætlun Grunnskóla Grindavíkur. Sótt af <http://www.grindavik.is/gogn/skolinn/skolanamskra/simenntunaraetlun.pdf>

4.2.1 Starfsþróun kennara

Grindavíkurbær hefur sett reglur um sí- og endurmenntun starfsmanna bæjarins.²¹ Í þær er bundið að fjármagn til málaflokksins er 0,8% af áætluðum launum og launatengdum gjöldum hvers árs að frádregnum lífeyrisskuldbindingum. Áttatíu prósentum af þessu fé er úthlutað á stofnanir eftir fjölda starfsmanna, 12% er varið til námskeiða fyrir alla starfsmenn bæjarins og 8% til einstaklingsbundinnar endurmenntunar í samræmi við reglur endurmenntunarsjóðs sveitarfélagsins. Ljóst er að þau 80% sem úthlutað er á stofnanir eru umtalsverðir fjármunir sem skólarnir geta varið til starfsþróunar og eru um 7,3 milljónir fyrir skólana sem bærinn rekur (grunnskólann, leikskólann Laut og tónlistarskólann). Þeir gefa því skólastjórum skólanna umtalsvert svigrúm til að skipuleggja starfsþróun starfsfólks skólanna.

Að sögn forstöðumanns félagsþjónustu- og fræðsluviðs má líta svo á að stuðningur skólaþjónustu við starfsþróun kennara geti í aðalatriðum verið þríþættur: a) framlag starfsmanna þjónustunnar í formi fræðslu og námskeiða, b) milliganga um að fá utanaðkomandi aðila til að sinna starfsþróun og c) beinn fjárhagslegur stuðningur.

Í starfsáætlun skólaþjónustunnar eru markmið um PMTO-námskeið fyrir ráðgjafa í skólunum en um þau námskeið er fjallað í kafla 4.1. Ljóst er að þessi námskeið falla undir a)-liðinn hér að ofan. Í áætluninni er einnig markmið um að „Unnið verði með stoðþjónustu skólanna að verklagi við tilvísanir og fyrirkomulagi á þjónustu við börn og fjölskyldur.“ Þá eru markmið um fræðslu fyrir starfsmenn stofnana í samræmi við óskir stjórnenda. Af starfsáætluninni er ekki hægt að ráða hvort, og þá hvernig, slík fræðsla er sett í samhengi við starfsþróunaráætlanir skóla, samanber það sem segir hér að framan um símenntunaráætlun grunnskólans.

Í viðtölum við kennara nefndu þeir að þeir vildu sjá meira frumkvæði að þróunarstarfi og námskeiðum frá skólaþjónustunni en óljóst var hvernig þeir sáu fyrir sér að staðið væri að slíku. Í viðtali á skólaskrifstofunni kom aftur á móti fram að tímaskortur og stíft skipulag á vinnutíma kennara, ekki síst í grunnskólanum, háði því oft og tíðum að hægt væri að koma með fræðslu til kennarahópa inn í skólana. PMTO-námskeið fyrir kennara voru sérstaklega nefnd í þessu sambandi en í kafla 4.1 er fjallað um áherslu skólaþjónustunnar á þessi námskeið. Hér eru því nokkuð misvísandi skilaboð frá viðmælendum.

Í viðtölum við starfsfólk skólanna kom einnig fram að það taldi að frumkvæði og drifkraftur í endur- og símenntun kennara kæmi að mestu frá kennurum sjálfum og stjórnendum. Þessi ummæli má skoða því ljósi þess sem kemur fram að ofan um þá fjármuni sem skólarnir hafa til ráðstöfunar til endurmenntunar og starfsþróunar og velta má fyrir sér hvort skólaþjónustan hafi hlutverki að gegna í samstarfi við skólana um þá starfsþróun sem fjármögnuð er með þessu framlagi – og þá hvaða hlutverki ef um slíkt er að ræða – eða hvort hún sé óþarfa milliliður milli skólanna og utanaðkomandi aðila (sjá einnig umfjöllun um þetta í kafla 4.2).

Við þessu er ekki einhlítt svar en telja verður mikilvægt að í skólunum séu gerðar skýrar starfsþróunaráætlanir, þar sem samhengi er milli þess hvernig þarfir fyrir starfsþróun eru metnar og hvers konar stuðnings og bjarga þeir óska af hálfu skólaþjónustunnar enda er kveðið á um slíkar áætlanir t.d. í liðum 10.1.1. og 10.2.1. í kjarasamningi Sambands íslenskra sveitarfélaga og Félags

²¹ Reglur um sí- og endurmenntun starfsmanna Grindavíkurbæjar. (e.d.). Sótt af <http://www.grindavik.is/gogn/2018/Reglur%20um%20s%C3%AD-%20og%20endurmenntun%202018.pdf>

grunnskólakennara.²² Þetta er einnig mikilvægt í ljósi þeirra fjármuna frá sveitarfélaginu sem áður er getið að renni til þessa málaflokks.

Á hinn bóginn verður ekki fram hjá því lið að skólaþjónustan getur haft hlutverki að gegna á þessu sviði. Í fyrsta lagi er ekki ólíklegt að skólar geti þurft á stuðningi að halda við að meta þarfir sínar fyrir starfsþróun og skipuleggja hana. Í öðru lagi hlýtur að vera keppikefli að þessir fjármunir nýtist sem best og að skólaþjónustan geti haft áhrif til að samhæfa kaup skólanna á utanaðkomandi þjónustu og ráðgjöf. Í þriðja lagi er ekki óeðlilegt að skólaþjónustan, og eftir atvikum fræðslu-nefndin, geti haft forystu um starfsþróun fyrir alla kennara bæjarins til að framfylgja ákvæðum í skólastefnu bæjarins (til dæmis um lærdómssamfélög í skólum sem nefnd hafa verið í þessari skýrslu). Sama getur átt við um mikilvæg úrlausnarefni í menntastefnu þjóðarinnar, til dæmis menntun fyrir alla, innleiðingu aðalnámskrár eða úrbætur sem taldar eru aðkallandi vegna niðurstaðna í alþjóðlegum rannsóknum á borð við PISA. Að lokum ber að nefna að fræðimenn eru flestir á einu máli um að starfsþróun kalli á starfstengt (e. job-embedded) nám kennara og feli í sér viðleitni einstaklinga til að þróa eigin starfshæfni sem og skipulagða viðleitni skóla til að greina þarfir kennara, skipuleggja námsferli sem miðar að því að uppfylla þarfirnar og meta árangurinn.²³ Raunveruleg starfsþróun er þannig lærdómsferli sem byggist á skýrum markmiðum, áætlun um innleiðingu breytinga, leiðsagnarmati meðan á innleiðingunni stendur og lokamati til að meta árangurinn samkvæmt settum viðmiðum. Niðurstöður framangreindra fræðimanna bera með sér að einstök verkefni, eða námskeið sem keypt eru inn í skóla, án skýrra markmiða um breytingar, eftirfylgdar á starfsvettvangi, samstarfs og teymisvinnu innan skóla og skipulags mats eru sjaldnast vænleg til árangurs og geta í raun ekki talist til starfsþróunar. Aftur á móti er oft erfitt að tryggja slíka samfellu með aðkeyptri ráðgjöf og getur auk þess verið mjög kostnaðarsamt vegna ferðakostnaðar ráðgjafa. Þess vegna er óhætt að mæla með því að skólaþjónustan tengi sig við slík verkefni og geti jafnvel orðið sá bakhjarl sem skólar þurfa til að tryggja þau einkenni skilvirkrar starfsþróunar sem getið er um hér að framan.

Bæjarfélagið er ekki stórt og fram kom að grunnskólakennarar telja sig sakna þess að eiga samtöl við aðra skóla á svæðinu; þeir töldu sig einangraða og vanta meiri samræður við aðra kennara. Bent var á að skólaþjónustan gæti haft samstarf við skólaskrifstofur nágrannasveitarfélaga um sameiginlega undirbúningsdaga og málstofur og námskeið sem væru þar í boði en ekki í Grindavík. Dæmi voru tekin um Reykjanesbæ þar sem ýmis námskeið væru í boði og einnig árleg ráðstefna sem kennarar í Grindavík töldu sig ekki hafa aðgang að, a.m.k. væru þeir ekki hvattir til að sækja ráðstefnuna eða hún kynnt fyrir þeim: „maður les það bara í blöðunum, bara oh vá hvað þetta er áhugavert,“ sagði einn viðmælenda.

Í samtölum við kennara á báðum skólastigunum kom fram að þeir vildu gjarnan að meira væri um faglega umræðu að frumkvæði skólaþjónustunnar, án þess þó að rætt væri til hlítar um hvað hún ætti að vera. Sami áhugi kom einnig fram í samtölum við starfsfólk skólaþjónustunnar og þar var

²² Kjarasamningur Sambands íslenskra sveitarfélaga og Kennarasambands Íslands vegna Félags grunnskólakennara (gildistími 1. desember 2017–30. júní 2019). Sótt af https://www.ki.is/media/h2sdn0cz/fg_kjarasamningur_i_gildi_011217_til_300619.pdf?mode=pad&rnd=132095754705170000

²³ Gaytan, J. A. og McEwen, B. C. (2010). Instructional technology professional development evaluation: Developing a high quality model. *The Delta Pi Epsilon Journal*, LII(2), 77–94.

Guskey, T. J. (2002). Does it make a difference? Evaluating professional development. *Educational Leadership*, 59(6), 45–51.

Guskey, T. R. (2014). Planning professional learning. *Educational Leadership*, 71(8), 10–16.

meðal annars vísað til reynslunnar af þróunarverkefni sem unnið var við innleiðingu nógildandi aðalnámskrár og af námskeiði um faglega forystu sem fjallað er nánar um hér á eftir. Starfsfólk leikskólanna vísaði einnig til þess sama námskeiðs. Óhætt er að taka hér undir gagnsemi þess að samtal af þessu tagi eigi sér stað sem liður í starfsþróun kennara og stjórnenda og um leið má ítreka það sem þegar hefur verið sagt að frumkvæði að slíku samtali eigi að geta komið jafnt frá skólunum sjálfum sem skólaþjónustunni og þá þurfi jafnframt að gera ráð fyrir því í vinnuskipulagi skólanna.

Hér ber viðmælendum þó ekki að öllu leyti saman. Hjá forstöðumanni félagsþjónustu- og fræðslu- sviðs kom fram að undanfarin ár hafi verið haldinn sameiginlegur starfsdagur Grindavíkurbæjar að hausti sem fjármagnaður er með þeim 12% af sí- og endurmenntunarfé bæjarins sem varið er til námskeiða fyrir alla starfsmenn. Hann telur að áhersla hafi verið lögð á að kalla eftir tillögum frá starfsfólki um fræðslu og námskeið á þessum degi og þar hafi sjónarmið starfsfólks skólanna vegið þungt enda sé það hátt hlutfall af starfsfólki sveitarfélagsins. Þrátt fyrir það hafi borið á þeirri afstöðu starfsmanna að verið sé að skikka það á námskeið þar sem val á efni komi að ofan. Þetta eru áþekkar umkvartanir um skort á eignarhaldi og heyrðust um námskeiðið um faglega forystu sem fjallað er um í næsta kafla. Þetta hafi gert að verkum að þessi dagur hafi ekki heppnast sem skyldi og ekki orðið að þeirri jákvæðu hefð sem að var stefnt. Það verður að teljast athyglisvert að enginn annar viðmælandi nefndi þennan starfsdag, til dæmis ekki kennarar í þeim samtölum sem vitnað er til hér að ofan.

4.2.2 Stuðningur við stjórnendur

Stuðningur við stjórnendur skóla, sérstaklega, er einnig mikilvægur. Í viðtölum á skólaskrifstofu kom fram að forstöðumaður félagsþjónustu- og fræðslu- sviðs sinnir margvíslegum stuðningi við þá í daglegu starfi, einkum hvað varðar fjármál og rekstur skólanna og einnig starfsmannamál. Þetta samstarf er einnig nefnt í skólunum í samhengi við verkaskiptingu forstöðumannsins og yfirsálfræðingsins (sjá kafla 2.1). Í viðtölum við skólastjórana kom fram ánægja með þessa tilhögun og samstarfið við forstöðumanninn að þessu leyti.

Í mörgum viðtölum var nefnt aðkeypt námskeið sem efnt var til skólaárið 2019–2020 um faglega forystu, ætlað stjórnendum í öllum skólunum og starfsfólki skólaþjónustunnar. Þetta námskeið er haldið að frumkvæði fræðslunefndarinnar og er í samræmi við það ákvæði skólastefnu sveitarfélagsins²⁴ að „styrkja faglega forystu og samvinnu stjórnenda skóla“ (bls. 5). Námskeiðið var kynnt á fundi fræðslunefndar 23. ágúst 2019²⁵ þar sem sátu, meðal annarra, áheyrnarfulltrúar skólanna. Á fundinum fól fræðslunefndin skólaskrifstofu að skipuleggja námskeiðið í samráði við stjórnendur skólanna. Engu að síður kom fram í viðtölum í skólunum að viðmælendur töldu að námskeiðið hafi verið ákveðið án mikils samráðs við skólana, að umfang þess hafi komið þátttakendum á óvart og þeim hafi þótt það of mikið, án þess að einhver tilslökun á vinnu í skólunum kæmi á móti. Hér er ekki unnt að leggja mat á hvernig þessu samráði var háttað en í viðtölum í skólunum kom fram að þátttakendur grunnskólans hafi verið lítið virkir í námskeiðinu og jafnvel hætt en meiri virkni hafi verið hjá fulltrúum leikskólanna, tónlistarskólans og skólaþjónustunnar og þeir hafi tekið þátt í verkefnum sem munu verða afrakstur námskeiðsins, til dæmis um fjölmenningu og þjónustu við börn með annað móðurmál en íslensku.

²⁴ Grindavíkurbær. (2019). *Skólastefna Grindavíkur 2019–2023*. Sótt af http://www.grindavik.is/gogn/2020/sk%C3%B3lastefna_2.pdf

²⁵ Grindavíkurbær. (23. ágúst 2019). Fræðslunefnd, fundur 89. Sótt af <http://www.grindavik.is/v/22925>

Þótt þetta námskeið sé í einungis einn dráttur í stórrri mynd er það og afdrif þess lýsandi fyrir ýmislegt sem setja má í stærra samhengi. Námskeiðið ber vott um forystu og áhuga fræðslu- nefndarinnar á því að efla faglegt nám og starfsþróun í skólunum, enda bar öfluga forystu nú- verandi fræðslunefndar á góma í mörgum viðtölum. Um leið fer tvennum sögum af því hvort ákvörðun um námskeiðið hafi verið tekin í samráði við skólana eða byggð á greiningu á þörfum þeirra. Sumum viðmælendum úr skólunum finnst að námskeiðið hafi „komið að ofan“; það virðist skorta á eignarhald og skuldbindingu skólanna, einkum grunnskólans, og viðurkenningu skóla- fólksins á hagnýtum tilgangi námskeiðsins. Þrátt fyrir þetta sögðu viðmælendur úr leikskólunum og af skólaskrifstofunni frá hagnýtum verkefnum sem verið var að vinna á námskeiðinu en töldu þó enga tryggingu fyrir því að þau kæmst til framkvæmda. Hér er ástæða til að ítreka það sem sagt er framfar í þessum kafla um mikilvægi markvissra starfsþróunaráætlana í skólunum, þar sem þarfar þeirra eru greindar og gerð áætlun um hvernig þær eru uppfylltar.

Í viðtölum bar einnig á góma gagnsemi þess að allir skólastjórnarnir hittist reglulega til samráðs og faglegrar samræðu. Skólastjóri tónlistarskólans lýsti því til dæmis að hún eigi mánaðarlega fundi með kollegum sínum í tónlistarskólunum í nágrennasveitarfélögunum og hún telur slíka fundi afar gagnlega. Fram kom einnig að tónlistarskólinn fær ónógar upplýsingar frá grunnskólanum um nemendur á yngsta stigi þar sem tónlistarskólinn sér um tónlistarkennslu (forskóla). Samráðs- fundir skólastjórnenda eru haldnir tvisvar til þrisvar yfir skólaárið en fleiri viðmælendur úr hópi skólastjórnanna tóku undir hugmyndir um gagnsemi þess að slíkir fundir væru haldnir oftar enda væri það í samræmi við framangreint ákvæði skólastefnunnar að efla faglega forystu og samvinnu skólastjórnenda.

4.2.3 Skólaþróun og stuðningur við lærdómssamfélög

Í skólastefnu Grindavíkur er kveðið á um að „allir skólar sveitarfélagsins vinni eftir hugmyndafræði lærdómssamfélags“ (bls. 5). Hugtakið lærdómssamfélag bar þó ekki oft á góma í viðtölum sem tekin voru og það kemur ekki fyrir í gögnum frá skólaskrifstofunni, hvorki í kynningarbæklingi né starfsáætlun. Aftur á móti er meðal aðgerða í aðgerðaáætlun með skólastefnu að kynna hug- myndafræði lærdómssamfélags fyrir skólastjórnendum, búa til stuðning og umræðugrundvöll fyrir innleiðingu þess og veita ráðgjöf. Í starfsáætlun skólaþjónustunnar er einnig vikið að því með almennum orðum að styðja við nýbreytni og þróun og nýta ytra mat til umbóta (bls. 2). Í skóla- námskrá grunnskólans er vísað til hugtaksins á almennan hátt í kafla um umbóta- og þróunarstarf og nefnd ýmis þróunarverkefni sem miða að eflingu lærdómssamfélaga. Námskeið um faglega forystu sem fjallað er um hér að framan er vissulega slíkt verkefni, sem og þau viðfangsefni sem sagt var frá í tengslum við námskeiðið (verkefni um tvítyngd börn sem er hluti af því og fjöl- menningarstefnu).

Í skólanámskrá grunnskólans er fjallað um ýmis þróunarverkefni sem miðað geta að eflingu lærdómssamfélags, svo sem Byrjendalæsi, teymiskennslu og endurskoðun náttúrufræðikennslu. Einnig má nefna hér lestrarstefnu grunnskólans²⁶ og læsisstefnu leikskólanna á þremur tungu- málum²⁷ en hún var unnin af starfshópi í umsjón leikskólafulltrúa skólaþjónustunnar. Í ársskýrslu leikskólans Króks 2018–2019 er skýrt frá þeim þróunarverkefnum sem skólinn tók þátt í það

²⁶ Grunnskóli Grindavíkur. (maí 2017). Lestarsstefna Grunnskóla Grindavíkur. Sótt af <http://www.grindavik.is/gogn/skolinn/skolanamskra/lestrarstefna.pdf>

²⁷ Grindavíkurbær. (2. febrúar 2018). Læsisstefna leikskóla Grindavíkurbæjar á þremur tungumálum. Sótt af <http://www.grindavik.is/v/20730>

skólaár. Annað þeirra er *Komdu út: Samstarf um útvíst og vellíðan* en skólinn er einnig þátttakandi í Erasmus+ verkefnum með öðrum skólum sem Skólar ehf. reka og er þá einnig í samvinnu við önnur lönd.

Í samtölum bar fleiri verkefni á góma, svo sem tveggja ára þróunarverkefni um innleiðingu núgildandi aðalnámskrár eftir að hún kom út og verkefni um núvitund sem náði til beggja skólastiganna, stóð í tvö skólaár og var stýrt af forvarnarteymi og var því ekki verkefni sem skólaþjónustan tók beinan þátt í. Fyrri árið var verkefnið fjármagnað með styrk frá Sprotasjóði en síðara árið með styrk frá sveitarfélaginu. Samt virðist fremur óljóst hvaða árangri þessu verkefni skiluðu, til lengri tíma litið, eða hvernig sá árangur var metinn. Í viðtali við rýnihóp kennara grunnskólans urðu langar umræður um innleiðingu breytinga á námsmati sem núgildandi aðalnámskrá mælir fyrir um og af þeim mátti ráða að kennarar töldu mörgum spurningum ósvarað um hvernig standa ætti að hæfnimiðuðu námsmati og að mikil þörf væri fyrir áframhaldandi þróunarstarf sem miðaði að innleiðingu námskrárinnar.

Af flestum viðtölunum að dæma virðast skólarnir ekki sækja mikið til skólaþjónustunnar um stuðning við verkefni af þessu tagi en nokkrir viðmælenda úr skólunum töldu engu að síður að of lítill stuðningur hafi verið við ýmis þróunarverkefni sem hafa verið í gangi í skólanum og nefndu í því sambandi Uppeldi til ábyrgðar og framangreint núvitundarverkefni sem hefði þurft að styrkja eitt ár í viðbót til að það næði fótfestu en fékk ekki áframhaldandi brautargengi hjá sveitarfélaginu.

Skipulegt mat á skólastarfi getur verið öflugt verkfæri til skólaþróunar, sé rétt á málum haldið. Samkvæmt starfsáætlun skólaþjónustunnar á að „nýta ytra mat til umbóta“, leggja fyrir Skólalámsinn og „rýna í“ gögn skóla. Ekki liggur fyrir hvernig þetta er gert og í þessu skjali er ekki minnst á sjálfsmat skólanna en í umbóta- og þróunaráætlun grunnskólans kemur fram að skólinn noti sjálfsmatskerfið *Gæðagreina* sem byggt er á skoska sjálfsmatskerfinu *How good is our school*.²⁸ Ekki er þó að finna sjálfsmatskýrslur á vef skólans, enda þótt fram komi í fundargerð fræðslunefndar (23. ágúst 2019) að kynnt hafi verið sjálfsmatskýrsla skólans 2018–2019.²⁹ Ekki kemur fram í þróunaráætlun hvort eða hvernig þróunarstarf er byggt á niðurstöðum sjálfsmatsins. Ekki er því ljóst af gögnum hvernig þetta sjálfsmatskerfi er notað í skólanum eða hvort, og þá hvert, skólinn hefur sótt aðstoð við innleiðingu þess. Í skólanámskrá Lautar kemur fram að mat á skólanum sé í gegnum ECCRS-kvarðann sem lagður er fyrir starfsfólk á hverju ári. Hvorki koma fram niðurstöður úr sjálfsmati á vef skólans, né upplýsingar um símenntun eða starfsþróun.

Í viðtali við starfsmann skólaþjónustunnar kom fram að kallað væri eftir umbótaáætlunum frá skólunum og að slíkar áætlanir væru metnaðarfullar en skólaþjónustan legði áherslu á að þær væru raunhæfar og umbótaverkefnum raðað í forgangsröð. Það sama á við um sjálfsmatið, enda gera Gæðagreinar einmitt ráð fyrir því að farinn sé matshringur þar sem nokkur ár tekur að meta alla lykilkætti skólastarfsins. Ástæða er til að hvetja til þess að úrvinnsla ytra jafnt sem sjálfsmats skólanna og Skólaláms sé tekin fastari tökum og gert sýnilegt í starfsáætlun skólaþjónustunnar og raunhæfum þróunaráætlunum skólanna hvernig unnið er úr niðurstöðum hennar og þær nýttar sem hreyfipl þróunarstarfs.

²⁸ Education Scotland. (2015). *How good is our school* (4. útgáfa). Sótt af https://education.gov.scot/improvement/Documents/Frameworks_SelfEvaluation/FRWK2_NIHeditHGIOS/FRWK2_HGIOS4.pdf

²⁹ Grindavíkurbær. (23. ágúst 2019). Fræðslunefnd, fundur 89. Sótt af <http://www.grindavik.is/v/22925>

Í ársskýrslu Króks 2017–2018 kemur fram yfirlit yfir starfsþróun sem og framgangur símenntunaráætlunar þar sem tilgreint er hverju er lokið og hverju er frestað. Mat á skólastarfi er einnig sett fram á skýran og greinagóðan hátt. Í starfsáætlun fyrir 2019–2020 er þróunar- og nýbreytniverkefni ásamt símenntunaráætlun þar sem tilgreint er markmið, tími og ábyrgð. Umbótaáætlun er einnig að finna þar sem fram kemur hvað lögð verður áhersla á í skólanum.³⁰

Allir viðmælendur sem rætt var við voru spurðir um hvernig þróunarstarf og samstarf skólaþjónustunnar og skólanna væri sett í samhengi við mikilvæg og brýn viðfangsefni í íslensku menntakerfi svo sem menntun fyrir alla (skóla án aðgreiningar) og vísbendingar frá niðurstöðum PISA um stöðu læsis. Í gögnunum eru ekki skýrar vísbendingar um slíkt samhengi og í a.m.k. einu viðtali var talið að samtal um það skorti. Þó ber að geta um lestrarstefnu grunnskólans og áherslu hans á Byrjendalæsi og læsisstefnu leikskólanna á þremur tungumálum (sjá framar í þessum kafla). Ekki er þó hægt að segja að um sé að ræða „heildræna læsisstefnu“ sem er meðal áhersluatriða í skólustefnu Grindavíkur (bls. 6).

4.3 Aðgengi og sýnileiki skólaþjónustunnar

Aðgengi að skólaþjónustunni er að mati flestra í skólunum mjög gott, það er auðvelt að fá viðtöl og yfirlétt er brugðist fljótt við beiðnum. Boðleiðir eru stuttar og skriffinnskan ekki alltaf að þvælast fyrir eins og það var orðað af leikskólafólki.

Dálítill munur var samt á viðhorfum leikskólafólks og grunnskólans en leikskólinn upplifir meiri nálægð við skólaþjónustuna en grunnskólinn og að flæðið í samstarfinu þeirra á milli sé einfalt og hnökralítið. Málum er fljótt sinnt í leikskólunum af sérfræðingum innan skólaþjónustunnar og ánægja með samskiptin þarna á milli er almennt mikil.

Starfsfólk grunnskólans upplifir þessa nálægð ekki á sama hátt en að þess mati snýr skólaþjónustan að greiningarvinnu aðallega og hún kemur lítið inn í skólann að öðru leyti. Kennarar telja að auðvelt sé að ná sambandi við skólaþjónustuna einnig er þeir vísa foreldrum þangað. Það tekur yfirlétt ekki langan tíma fyrir foreldra að fá viðtal en getur samt dregist og kennarar komu inn á að það væri þá ansi oft þörf á að minna á tímann. Það eru ekki kennarar sem sækja um þessa tíma fyrir foreldra heldur þeir sjálfir og spurningar vakna um hvort það sé besti kosturinn. Slík ráðgjafarviðtöl við foreldra hafa hins vegar sýnt sig geta virkað vel ef þau skila sér inn í skólana svo kennarar getir unnið með það sem þarf að gera, jafnvel út frá punktum sem þeir fá um það sem þarf að vinna með.

Kennarar upplifa almennt mikla lipurð frá skólaþjónustunni við að hjálpa þeim að takast á við ýmis mál, sem eru oft mjög ólík, og þar er leitað leiða til að nálgast þau á fjölbreyttan hátt. Hins vegar er oft biðtími sem getur þótt langur en skilningur kom samt fram um að það væri eðlilegt miðað við fjölda starfsmanna og beiðna en þegar allir eru komnir í „spreng“ er erfitt að þurfa að bíða eftir ráðgjafa.

Fram kom upplifun sem var orðuð sem ákveðið „vesen“ við að ná í einhvern þó ekki væri vandi að fá aðstoðina þegar viðkomandi hefði náð inn. Þetta er upplifun sem ekki var að finna innan leikskólanna en var einkum sett í samhengi við vísbendingar sem sumir viðmælendur töldu sig hafa um að verkefnum félagsþjónustu- og fræðsluviðsins væri að fjölga að því marki að áhöld

³⁰ Starfsáætlun heilsuleikskólans Króks 2019–2020. (e.d.). Sótt af http://krokur.skolar.is/heilsuleiksk%C3%B3linn%20kr%C3%B3kur/01_starfs%C3%A1%C3%A6tlun%20kr%C3%B3ks_2019-2020.pdf

væru um hvort sviðið annaði þeim að óbreyttu með einn yfirmann yfir allri starfsemi þess (þrátt fyrir verkaskiptingu milli hans og yfirsálfræðings sem fyrr er getið um (bls. 6)).

Kennarar beina erindum til skólaþjónustunnar er snúa aðallega að foreldrum og vanda nemenda. Þeir leita hins vegar síður eftir ráðgjöf er snýr að þeim sjálfum og fagmennsku kennarans. Einn viðmælenda orðaði þetta sem svo: „Mér finnst maður ekki endilega sækja mikið þangað með eitthvað svona þú veist faglegt starf mér finnst það ekki endilega, mér finnst það skorta.“

Þrátt fyrir gott aðgengi er greinilegt að leikskólakennararnir í rýnihópnum óska eftir meiri viðveru og sýnileika ráðgjafanna og að þeir komi meira inn á deildir til að fylgjast með börnum og starfinu í stað þess að styðjast við lýsingar kennaranna og vídeó-upptökur.

4.3.1 Aðgengi að upplýsingum á vef Grindavíkurbæjar

Ef leitað er eftir upplýsingum á vef Grindavíkurbæjar undir flípanum *Þjónusta* er „Skólaþjónusta“ sjálfstæður liður þar undir en skólarnir eru undir liðnum „Þjónustustofnanir“. Undir liðnum „Skólaþjónusta“ eru margir tenglar sem ekki vísa ekki á neinar upplýsingar, t.d. foreldrafærni, mat og eftirlit með gæðum skólastarfs, skólaakstur, stuðningur við nemendur og fjölskyldur þeirra, stuðningur við starfsemi grunnskóla og starfsfólk. Upplýsingar um dagforeldra, uppfærðar 20.4. 2020, eru þó til staðar. Annað efni er úreitt; til dæmis er skólastefna Grindavíkur ýmist sögð samþykkt í bæjarstjórn 2010 eða 2013. Hvorugt er rétt og gildandi skólastefna finnst undir flípanum *Stjórnsýsla* undir liðnum „Stjórnskipulag/Stefnur“.

Á vef grunnskólans er mikið af gagnlegum upplýsingum um skólastarfið. Þar er einnig slóð á skólaþjónustuna þar sem er m.a. að finna kynningarbækling skólaskrifstofunnar. Síðan var uppfærð 18. nóvember 2016. Einnig er, á heimasíðu grunnskólans, slóð á leiðbeiningar um tilvísanir sem og aðrar fyrrnefndar slóðir sem ekkert er undir.

Á heimasíðum leikskólanna er ekki að finna slóðir inn á vef eða efni frá skólaþjónustunni en upplýsingar kom fram í skólanámskrá þeirra.

Læstistefna leikskóla hefur verið í vinnslu en slóðir inn á hana eru ekki virkar en stefnan ætti að vera til samkvæmt upplýsingum á vef og á þremur tungumálum. Engar upplýsingar á vef um skólaþjónustuna eða skólana er að finna á öðru tungumáli en íslensku.

4.4 Styrkleikar og tækifæri til þróunar

Styrkleikar

- Félagsþjónustu- og fræðsluvið Grindavíkur – og þar með skólaþjónustan – hefur eflst til muna á undanförunum árum. Ánægja er með starfshætti skólaþjónustunnar og samstarf hennar við skólana almennt gott.
- Aðgengi að skólaþjónustunni er almennt gott og starfsfólk hennar fær jákvæða umsögn fyrir lipurð við að takast á við ólík málefni innan skólanna þar sem leitað er margra leiða til að leysa öll mál.
- Skólaþjónustan annar vel hlutverki sínu á sviði einstaklingsþjónustu við börn og forvarnarsarfs. Tiltölulega lítil bið er eftir greiningum og góður árangur hefur náðst í þá átt að geta lokið greiningum sem óskað er eftir fyrir lok hvers skólaárs.
- Starfshlutfall talmeinafræðings hefur verið aukið.
- Námskeiðahald skólaþjónustunnar fyrir foreldra (einkum leikskólabarna) er öflugt.

- Skólaþjónustan kynnir kennurum og foreldrum starf og skipulag þjónustunnar á hverju hausti. Þessar kynningar hafa mælst vel fyrir í skólunum.
- Umbótaáætlanir skóla hafa verið metnaðarfullar.
- Grindavíkurbær gerir vel við skóla sína hvað varðar fjárveitingar til starfsþróunar og veitir skólastjórnendum mikið frelsi – en leggur um leið á þá ábyrgð – til að skipuleggja þennan þátt í starfi skóla milliliðalaust.

Tækifæri til þróunar

- Tílefni er til að skilgreina betur fyrirkomulag teymisvinnu í kjölfar greininga og skimana og ábyrgð kennara/starfsfólks skóla og ráðgjafa á þeim aðgerðum sem lagt er upp með.
- Ráðgjöf skólaþjónustunnar og innri stoðþjónusta skólanna í framhaldi af greiningu og skimunum virðist vera sérkennslumiðuð. Tílefni er ræða klínískt eðli slíkrar ráðgjafar og leita leiða til að efla skólamiðaða ráðgjöf, byggða á félagslegu sjónarhorni og jafnréttisgrundvelli ráðgjafa og kennara, þar sem ábyrgð starfsfólks skólanna er skýr og erfiðleikar barna settir í samhengi við námsumhverfi þeirra.
- Ástæða er til að skoða sérstaklega samspil og ábyrgð ráðgjafa skólaþjónustunnar og innri stoðþjónustu skólanna.
- Nákvæmari skil þurfa að vera þegar málum er lokið af hálfu skólaþjónustunnar og móta ætti verklag við að meta árangur af ferlinu.
- Tílefni er til að greina hvað veldur aukinni ásókn í greiningar og minnkandi þátttöku foreldra í námskeiðum á vegum skólaþjónustunnar ásamt því að leita leiða til að vinna gegn þessari þróun með fyrirbyggjandi úrræðum til að bæta líðan barna og ungmenna.
- Tílefni er til þess að gera ríkari kröfur en nú virðist gert til starfsþróunaráætlana skólanna, og meta árangur af starfsþróun á vegum þeirra á grundvelli viðmiða um skilvirkni hennar.
- Tækifæri er til að ræða og móta stefnu um hvernig skólaþjónustan getur stutt við, og verið þátttakandi í, þróunarstarfi skólanna enda þótt ráðgjöf við það sé kostuð af fjárveitingu til skólanna um þennan málaflokk.
- Tækifæri er til að taka fastari tókum hvernig ytra mat og sjálfsmat skólanna er nýtt sem grundvöllur og hreyfiafl umbóta, skilgreina hlutverk skólaþjónustunnar í þessu og efla samráð við skólastjórnendur.
- Tílefni er til að skoða hvort fjölga ætti samstarfsfundum með öllum skólastjórum bæjarins og skilgreina um leið tilgang fundanna.
- Nauðsynlegt er að brúa það bil – sem sumir viðmælenda ganga svo langt að kalla gjá – sem er milli skólaþjónustunnar annars vegar og stjórnenda grunnskólans hins vegar og leita leiða til að þessar stofnanir gangi í takt.
- Móta ætti stefnu um fjölmenningu og menntun fjöltyngdra barna.
- Tílefni er til að huga að því hvort og þá hvernig skólaþjónustan gæti haft frumkvæði að því að efla samvinnu milli nágrannasveitarfélaganna, til dæmis um námskeið og símenntun starfsmanna.
- Nauðsynlegt er að bæta skipulag og aðgengi upplýsinga um skólamál á vef sveitarfélagsins og hafa upplýsingar á fleiri tungumálum en íslensku.

5. Lokaorð

Í þessari skýrslu er gerð grein fyrir mati skýrsluhöfunda á starfi skólaþjónustu Grindavíkurbæjar. Það er þó ekki einskorðað við þröngt sjónarhorn á skólaþjónustuna heldur tekur að hluta til mið af öðrum stofnunum sveitarfélagsins sem bera ábyrgð á menntun barna og unglunga. Að mati skýrsluhöfunda er þetta nauðsynlegt þar sem ábyrgð á menntun barna hvílir á hverju sveitarfélagi sem stjórnslueiningu og stofnunum þess, einkum skólaþjónustu og skólum og samstarfi þeirra við foreldra og nemendur sjálfa. Líta má á skólahald, hvort sem er á landsvísu eða í hverju sveitarfélagi, sem vistkerfi³¹ þar sem nemandinn og námsrými hans er í innsta hring en utan um hann umgjörð í nokkrum lögum: kennarinn, skólinn sem stofnun og sveitarfélagið. Yst er svo ríki og stofnanir þess þótt það lag sé ekki til umræðu hér. Þessi lög eru í gagnvirkum samskiptum og bera sameiginlega ábyrgð og árangurinn af menntun hvers einasta barns sem yfirgefur skólann sinn er háður því að þessi samábyrgð virki.

Í allri starfsemi eru sterkar hliðar og tækfæri til umbóta. Í skýrslunni er reynt að draga sem flest af þessu fram, án þess þó að tækifæri til umbóta séu sett í forgangsröð. Mikilvægt er þó að átta sig á að þessi tækifæri eru allaf fleiri en svo að skynsamlegt – eða mögulegt – sé að reyna að nýta þau öll samtímis. Umbætur í menntamálum eru langtímaverkefni sem lýkur í raun aldrei, og þess vegna er mikilvægt að setja úrlausnarefni í forgangsröð sem sátt er um meðal hagsmunaaðila. Einnig er gagnlegt að gera greinarmun á því sem er *brýnt* í þeim skilningi að það þarfnist tafarlausra úrbóta og því sem er *mikilvægt* til lengri tíma litið. Mikilvægt er að líta þessum augum á greiningu skýrslunnar á tækifærum til umbóta og þróunar.

³¹ Birna Svanbjörnsdóttir o.fl. (2019). Menntun fyrir alla – horft fram á veginn: Skýrsla unnin fyrir mennta- og menningarmálaráðuneyti. Sótt af https://www.stjornarradid.is/library/01--Frettatengt--myndir-og-skrar/MRN/MFA_horft%20fram%20a%20veginn_starfshops_vefur.pdf